

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. júlí 2010  
Tilvísun: UST20100700075/bs

## Viðbætur við snjóflóðavarnir í Bolungarvík. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða viðbót við snjóflóðavarnir sem nú er verið að reisa ofan byggðar í Bolungarvík. Fyrirhugað mannvirki verður að mestu leyti innan sama framkvæmdasvæðis og þau varnamannvirki sem í byggingu eru. Efnispörf nýja garðsins er talin um  $37.000 \text{ m}^3$ . Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er ekki að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.

Að áliti Skipulagsstofnunar var talið að helstu umhverfisáhrif varnarmannvirkja í Bolungarvík væru sjónræns eðlis. En talið var að draga mætti nokkuð úr neikvæðum áhrifum með móton fláa og uppgræðslu.

Umhverfisstofnun telur að þetta álit Skipulagsstofnunar eigi einnig við um þá framkvæmd sem hér um ræðir. Hér er þó um tiltölulega litla framkvæmd að ræða sem að likindum mun hvorki ein sér né í samhengi með þeim mannvirkjum sem í byggingu eru hafa neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að viðbót við snjóflóðavarnir í Bolungarvík muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst  
Björn Stefánsson

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri